

# Gátlisti fyrirmyndarhéraða ÍSÍ

	<b>Gátlisti fyrirmyndarhéraða ÍSÍ</b>		
1	<b><i>Skipulag íþróttahéraðs</i></b>		<b><i>Nánari skilgreiningar</i></b>
A	Skipurit er til staðar		Skipurit mótast af hverju héraði fyrir sig.
B	Hlutverk stjórnar og starfsmanna er skilgreint		Stjórnarmenn þekkja hlutverk sitt og jafnframt hlutverk þeirrar stjórnar sem þeir starfa fyrir.
C	Íþróttahéraðið skilgreinir starfsemi sína og hlutverk m.a. í samræmi við ákvæði 6. kafla laga ÍSÍ, 45. og 46. gr.		Stjórn íþróttahéraðs vinnur eftir ákvæðum laga ÍSÍ að öllu leyti. Starfsemi íþróttahéraðsins þarf að vera vel skilgreind.
D	Samningur er fyrirbyggjandi við sveitarfélag/-félög þar sem m.a. gagnkvæm hlutverk eru skilgreind		Mikilvægt er að slíkir samningar séu gerðir svo að enginn misskilningur sé um hlutverk hvors um sig. Íþróttahéraðið þarf að taka tillit til þess hlutverks sem skilgreint er í lögum ÍSÍ.
E	Formannafundir eru haldnir í.þ.m. einu sinni á ári		Fara þarf reglulega yfir stöðu mála og taka til umræðu það sem efst er á baugi hverju sinni. Formannafundir eru t.d. góður vettvangur til að skerpa á samþykktum stefnum ÍSÍ og íþróttahéraða.
2	<b><i>Starfsumhverfi</i></b>		
A	Samþykktum stefnum ÍSÍ er fylgt		Það er í verkahring stjórnar að sjá til þess að stefnur sem samþykktar eru á Íþróttapingi ÍSÍ séu kynntar nýjum stjórnarmönnum hverju sinni sem og aðildarfélögum. Góður vettvangur til slíkra kynninga eru formannafundir íþróttahéraða.
B	Siðareglur eru til staðar		Sambandsaðilar móti sér siðareglur líkt og gert hefur verið hjá ÍSÍ.
C	Íþróttahéraðið hefur markað sér stefnur í í.þ.m. fræðslu- og forvarnarmálum, jafnréttismálum, umhverfismálum og félagsmálum		Þetta er í tengslum við ákvæði/kröfur sem gerðar eru hvað varðar fyrirmyndarfélög. Stefnurnar þurfa eðlilega að vera opnari en þær stefnur sem einstök félög marka.

# Gátlisti fyrirmyndarhéraða ÍSÍ

3	<b>Fjármálastjórn</b>		<b>Nánari skilgreiningar</b>
A	Reksturinn er í jafnvægi		Fjárhagur héraðsins verður að vera í jafnvægi.
B	Samþykkt fjárhagsáætlun liggur fyrir		Fjárhagsáætlun næsta eða eftir atvikum yfirstandandi árs verður að fylgja gögnum um umsókn viðurkenningar.
C	Ársreikningar ípróttahéraðsins eru í.þ.m. skoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum.		Reikningar verða að vera skoðaðir og áritaðir af kjörnum skoðunarmönnum eða endurskoðaðir af endurskoðendum.
D	Ípróttahéraðið skilar inn starfsskýrslu til ÍSÍ samkvæmt lögum		Starfsskýrslu þarf að skila á réttum tíma hverju sinni.
4	<b>Samskipti við aðildarfélög</b>		
A	Stefnt er að því að öll aðildarfélög verði Fyrirmyndarfélög ÍSÍ		Flest félög eiga möguleika á að fá gæðavottun frá ÍSÍ. Starfsemi sumra félaga getur þó verið þess eðlis að gæðavottun á ekki við.
B	Starfsskýrsluskil aðildarfélaga eru í lagi		Aðildarfélög þurfa að skila starfsskýrslu árlega fyrir 15. apríl.
C	Ípróttahéraðið tilnefnir í.þ.m. einn aðila sem verður tengiliður milli aðildarfélaga og ÍSÍ.		Ípróttahéraðið tilnefni tengilið til að tryggja eins og kostur er að aðildarfélögin fái aðstoð við að sækja um gæðaviðurkenningu ÍSÍ. Tengillinn verður í samstarfi við ÍSÍ vegna þessa og getur með því samstarfi m.a. fengið haldgóða þekkingu á málefnum Fyrirmyndarfélaga.

skýringar: + í lagi, (+) vantar örlítið uppá, / að hluta, (/) er í lámarki, - vantar, ? þarf að athuga, X á ekki við.

# Gátlisti fyrirmyndarhéraða ÍSÍ

4	<b>Samskipti við aðildarfélög</b>	<b>Nánari skilgreiningar</b>
D	<p>Íþróttahéraðið fylgir ákvæðum laga ÍSÍ hvað varðar samskipti við aðildarfélög.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>A. Stjórn Íþróttahéraðs varðveiti og skipti milli aðildarfélaga því fé sem sem veitt hefur verið í því skyni.</li><li>B. Stjórn íþróttahéraðs fylgist með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.</li><li>C. Stjórn íþróttahéraðs staðfesti lög/lagabreytingar aðildarfélaga og haldi utan um staðfest lög félaga.</li><li>D. Stjórn íþróttahéraðs tilkynni ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.</li><li>E. Stjórn íþróttahéraðs boði til aðalfundar aðildarfélaga ef þörf krefur.</li><li>F. Ársþingi íþróttahéraðs er heimilt að vísa félagi úr héraðssambandinu/íþróttabandalaginu fari félag ekki að lögum eða fyrir mælum þess.</li><li>G. Ákveði ársþing íþróttahéraðs að vísa félagi úr því er héraðssambandi/íþróttabandalagi skylt að tilkynna það ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi/sérsamböndum.</li></ul>	<p>Í lögum ÍSÍ er hlutverk íþróttahéraða skilgreint. Þau atriði í lögnum er lúta að samskiptum við aðildarfélög eru hér tilgreind sérstaklega. Nauðsynlegt er að stjórn íþróttahéraðs vinni samkvæmt þessum ákvæðum eins og öðrum þáttum laga ÍSÍ.</p>

skýringar: + í lagi, (+) vantar örlítið uppá, / að hluta, (/) er í lámarki, - vantar, ? þarf að athuga, X á ekki við.